

samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sjóðurinn skal endurgreiða iðgjöld sem honum eru greidd vegna starfsmanna sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða þeirra sem náð hafa 75 ára aldri.

## 6. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að lífeyrisréttindum þeim, sem um getur í 10.–13. gr., skuli breytt til samræmis við lífeyrisréttindi samkvæmt reglugerðum þeirra lífeyrissjóða sem starfa innan þeirra sambanda lífeyrissjóða sem aðild eiga að stjórn sjóðsins.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*

## L Ö G

### um Jarðasjóð.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins skal starfrækja sjóð er nefnist Jarðasjóður ríkisins. Hlutverk sjóðsins er að kaupa jarðir bænda sem afsalað hafa framleiðslurétti og jarðir sem ekki seljast á frjálsum markaði og aðstoða sveitarfélög með lánveitingum við eigendaskipti að jörðum.

Erindi, sem Jarðasjóði berast varðandi kaup og sölu jarða, skulu send til umsagnar stjórnnum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda áður en þau eru afgreidd.

## 2. gr.

Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir sem svo er ástatt um er hér greinir, enda hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti:

1. jarðir sem ekki seljast með eðlilegum hætti en eigandi þeirra verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu,
2. jarðir sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði og eru án framleiðsluréttar,
3. jarðir sem eru afskekktar og liggja illa við samgöngum,
4. jarðir sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sitji seljendur jarðarinnar áfram,

5. jarðir sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á en jarðanefnd sýslunnar mælir með að Jarðasjóður kaupi,
6. jarðir sem hlunnindi eða önnur sérstök verðmæti fylgja eða eru þýðingarmiklar fyrir sveitarfélög til að koma betra skipulagi á byggð,
7. jarðir sem heppilegar teljast til almennra útlífisnota.

## 3. gr.

Við ákvörðun kaupverðs skv. 2. gr. skal höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða sé þess kostur. Náist ekki samkomulag um kaupverð skal mat dómkvaddra manna ráða.

## 4. gr.

Tekjur Jarðasjóðs eru:

- a. andvirði seldra ríkisjarða,
- b. afgangur ríkisjarða sem eru á forræði landbúnaðarráðuneytisins,
- c. framlag á fjárlögum ár hvert sem nauðsynlegt er talið til þess að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu.

## 5. gr.

Heimilt er að selja jarðir sjóðsins sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum sem þær tilheyra, svo og einstaklingum eða félagasamtökum.

Þá er heimilt, að fengnum meðmælum jarðanefndar, að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi til þess að bæta búreklarastöðu þeirra. Ábúendur jarða, sem selt hafa jarðir sínar skv. 4. tölul. 2. gr., eiga rétt á að kaupa þær aftur ef þeir óska þess. Náist ekki samkomulag milli Jarðasjóðs og kaupanda skal mat dómkvaddra manna ráða.

## 6. gr.

Jarðasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignaskatti og fjallskilum. Öll skjöl, sem gefin eru út af sjóðnum og í hans nafni, skulu undanþeginn stimpil- og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti og ber þá uppboðshaldara að rannsaka hvort eignin sé veðsett Jarðasjóði og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist skal landbúnaðarráðuneytinu gert aðvart svo tímanlega að unnt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

## 7. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi VI. kafli jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. breytingu með 11. gr. laga nr. 90/1984, 39.–46. gr.

*Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*